



Til bæjarráðs

Kópavogi, 04.05.2021
2104306/033.03 SÞS

Svör við fyrirspurn

Fyrirspurnin var send á velferðarsvið sveitarfélaga. Velferðarsvið Kópavogs sendi eftirfarandi svar 22.mars 2021 til Sambands íslenskra sveitarfélaga:

1. Hefur sveitarfélagið nýtt sér ráðningarstyrki Vinnumálastofnunar?

Já

a. Ef já, fyrir hversu marga einstaklinga?

Alls 122

b. Ef já, hvers konar störf er boðið upp á?

Störf í átaki ríkisstjórnar fyrir námsmenn sumarið 2020.

2. Hyggst sveitarfélagið nýta sér átaksverkefnið Hefjum störf til að fjölga störfum á næstu mánuðum?

Já

a. Ef já, til hvaða hópa mun verða horft til við ráðningar?

3. Hefur sveitarfélagið markvisst boðið upp á virkniúrræði/störf fyrir fólk með fjárhagsaðstoð?

Já

a. Ef já, hvers konar úrræði?

4. Telur þú líklegt að sveitarfélagið muni ráða námsmenn til sumarstarfa fái þau styrk til þess líkt og síðasta sumar?

Já

a. Ef já, hvernig störf verður boðið upp á fyrir námsmenn?

Störf fyrir bæði háskólastúdenta og menntaskólanemendur. Nú þegar hafið farið fram vinna við að skipuleggja þessi störf þannig að um fjölbreytt og skemmtileg störf verði að ræða.

Til viðbótar við svar Kópavogsbæjar frá 22. mars 2021 er nú lagt fram eftirfarandi:

Kópavogsbær fékk greiddar kr. 78.764.176 vegna 122 sumarstarfa námsmanna árið 2020. Boðið var upp á fjölbreytt sumarstörf í samráði við öll svið bæjarins

Kópavogsbær mun nýta styrk til ráðningar námsmanna sumarið 2021 og hefur fengið úthlutað 103 störfum. Frá því í febrúar hefur átt sér stað vinna við að safna störfum til að bjóða námsmönnum sumarið 2021. Sumarstörf fyrir námsmenn verða auglýst 3.mái 2021 og boðið verður upp á fjölbreytt störf í samstarfi allra sviða.

Nú stendur jafnframt yfir fyrirspurn frá mannauðsstjóra Kópavogsbæjar til sviðsstjóra allra fagsviða um óskir fagsviða hvað varðar ráðningar í störf eða verkefni sem ráða mætti í starfsfólk í vinnumarkaðsáttakinu Hefjum störf. Þar er gert ráð fyrir að hámarki 6 mánaða ráðninga. Gera má ráð fyrir að fagsvið hafi að einhverju leyti svigrúm



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

innan nógildandi launaáætlana til þessara ráðninga en einnig að til geti komið einhver
viðbótarkostnaður. Nú þegar hefur verið ráðið í 5 störf.

Virðingarfyllt,

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Mannauðsstjóri